

Nd.

576. Frumvarp til laga

[281. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip 12 rúmlestir og stærri, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggð í lífeyrissjóðum, skulu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Þá skulu sjómenn sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum vera utan við sjóðinn ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Ennfremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti sex menn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farnanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpueigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnar er 3 ár. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

3. gr.

1. og 4. mgr. 10. gr. falli brott en í stað komi:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

4. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er sjóðfélagi, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga sjómanna í febrúar s. l.

Með 2. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna, eins og hún er samkvæmt þessu frumvarpi, eru gerðar þær breytingar helstar að sjóðurinn er opnaður öllum sjómönnum sem ráðnir eru á íslensk skip 12 rúmlestir og stærri. Þar með eru taldar þeir sjómenn sem eru ekki lögskráðir, en vinna tímavinnu í þágu útgerðar. Í stað gildandi ákvæða um það hverjir af sjómönnum geti verið sjóðfélagar tryggir nú 2. gr. öllum sjómönnum, sem ráðnir eru á íslensk skip 12 rúmlestir og stærri, við hverskonar störf í þágu útgerðar, aðild að lífeyrissjóði sjómanna.

Í 2. gr. er nú lagt til að fellt verði niður ákvæði þess efnis að Hæstiréttur skuli skipa oddamann stjórnar. Í stað gildandi ákvæða um sjómanna stjórn, og þar af einn tilnefndan af Hæstarétti, er nú gert ráð fyrir að aðilar launþegasamtaka og atvinnurekenda eigi jafnmarga í stjórn og fari með stjórnarformennsku til skiptis, eitt ár í senn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á 10. gr. og er sú breyting í samræmi við það samkomulag sem varð með aðilum vinnumarkaðarins í kjarasamningum fyrir skömmu. Hér er gert ráð fyrir því að iðgjöld sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en skuttogurum 500 rúmlestir og stærri, skuli reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um hverju sinni í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Þá er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að heimildarákvæði 3. og 4. mgr. 12. gr. verði breytt þannig að nú sé sjóðfélagi heimilt, eftir 25 ára starf, að taka ellilífeyri við 60 ára aldur, hafi hann verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Breyting þessi er gerð til samræmis við breytingu á almannatryggingalögum í sömu átt. Á því skal vakin athygli að í þessari grein og frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar er nú gert ráð fyrir því að eitt skilyrðið verði 180 lögskráningardagar eins og áður en að meðaltali í 25 ár samkvæmt þessu

frumvarpi. Þá er gert ráð fyrir því að fellt verði niður ákvæði 3. mgr. laganna þess efnis að réttur þessi verði á sama hátt veittur eftir 20—25 ára starf frá 61 árs aldri og eftir 15—20 ár frá 62ja ára aldri. Eftir þessa breytingu, ef að lögum verður, er því komin samræmd regla í almannatryggingalög og lög um lífeyrissjóð sjómanna sem opnar sjómönnum rétt til töku ellilífeyris við 60 ára aldur eftir 25 ára starf á sjó og 180 lögskráða daga að meðaltali á ári í 25 ár.